



Undraland

Sumar 2023



Sumarstarf Undralands 2023

Í þessum kynningarbæklingi má finna upplýsingar um sumarstarfið í Undralandi. Sumarfrístundin er frábrugðin hinu hefobundna starfi Undralands, svo það er gott að kynna sér allar upplýsingar vel.

Sumarstarfið er byggt upp á þemavikum. Skráð er í sumarfrístund viku og viku í senn og því hægt að velja vikur sem ná yfir áhugasvið barnsins.

A sumrin snýst Undraland nær eingöngu um útiveru, ævintýri og ferðalög. **Við erum alla daga á flandri og því mikilvægt að barnið sé búíð undir slíkar ferðir**

Á næstu síðum eru upplýsingar um þemavikur, dagsetningar, gjaldskrá, upplýsingar um skráningu og margt annað sem gott er að vita.



Yfirlit yfir þemavikur Undralands sumarið 2023

09.06: Hverfið okkar (1 dagur)

12.06.-16.06.: Borgarvika

19.06.-23.06.: Dýravika

26.06.-30.06.: Ævintýravika

03.07.-07.07.: Vatnavika

Sumarfrí

08.08.-11.08.: Náttúruvika

14.08.-18.08.: Sæludagar

HVERFIÐ OKKAR

09. júní
1 dagur



Við byrjum sumarið að njóta nærumhverfisins okkar



BORGARVIKA

12.-16. júní



Í Borgarviku setjum við upp menningargleraugun og kynnumst borginni okkar betur. Við kíkjum á söfn og gröfum upp leynda staði í Reykjavík.



DÝRAVIKA

19.-.23. júní



Í Dýraviku kynnumst við dýrum og hvernig á að umgangast þau. Við förum í heimsóknir á staði þar sem eru dýr, bæði stór og smá.



ÆVINTÝRAVIKA

26. júní - 30. júní



Ævintýravika er fyrir ævintýragjarna krakka. Við förum meðal annars í bátsferð út í Viðey, leitum að álfum og heimsækjum Indjánagil.



VATNAVIKA

3.-7. júlí



Í Vatnaviku verður blautt!

Farið verður í sund, í Nauthólsvíkina og endum vikuna með vatnsstríði.



NÁTTÚRUVIKA

8.-11. ágúst

4 dagar



Í Náttúruviku verður umhverfið í forgrunni og einbeittum okkur að útivst og skemmtilegum útivistarsvæðum




SÆLUDAGAR

14.-18. ágúst



Síðustu dagar sumarsins eru Sæludagar. Við ætlum að njóta þess að vera saman og bjóða upp á brot af því besta.



SKRÁNING Í SUMARFRÍSTUND

SKRÁNING HEFST ÞRIÐJUDAGINN 25. APRÍL

Skráning fer fram á sumar.fristund.is

Það er MJÖG mikilvægt að klára öll skrefin í skráningunni, ásamt því að samþykkja skilmálana. Ef það er ekki gert fer skráningin ekki í gegnum kerfið.


Hægt er að skrá fyrir allar vikurnar, fram að föstudegi fyrir hverja viku (þrem dögum áður en hún hefst).

Ef barn er skráð og það þarf að afskrá það, verður að gera það með 8 daga fyrirvara í síðasta lagi á sunnudegi vikunni áður.

Undraland hefur mun færri pláss á sumrin en á veturna. Ef er fullt í vikunni sem þið veljið fer barn á biðlista og þið verðið látin vita ef hægt verður að taka það inn.



NYTSAMLEGAR UPPLÝSINGAR

Dagskrá: Dagskrá Undralands er á milli 8:30 og 16:30.



Heimkoma úr ferðum: Við erum vanalegast ekki í húsi á milli kl. 10:00 og 15:00. Heimferðir geta dregist til 16:00.

Tilkynningar: Mikilvægt er að láta vita fyrir kl. 9:00 ef barn ætlar ekki að mæta þann dag, símleiðis eða með sms-i. Við erum ekki alltaf við tölvupóstinn á sumrin.



Nesti: Öll börn þurfa að koma með þrjú nesti á dag (morgunnesti, hádegisnesti og síðdegisnesti). Á föstudögum grillum við vanalegast pylsur og þá er velkomið að koma með pylsur og pylsubrauð - en Undraland sér um sósur og lauk. Við minnum einnig á að gott er að hafa vatn með sér á hverjum degi.

NYTSAMLEGAR UPPLÝSINGAR

Bakpoki og aukaföt: Við elskum góða bakpoka. Best er að hafa með í för bakpoka sem situr vel á bakinu (skólatöskuna t.d. eða minni gerð af þess háttar bakpoka). Gott er að börnin hafi með sér aukaföt, því alltaf getur slys gerst - hvort sem það er pollur eða piss. Börn vilja síður fá lánuð föt hjá öðrum og því er gott að allir komi með sín eigin.



Sundferðir: Í hverri viku er að minnsta kosti ein sundferð. Allir starfsmenn fara ofan í laugina með börnunum, nema einn sem er á bakkanum. Börn og starfsfólk fara saman ofan í laugina og upp úr henni og farið er eftir ákveðnum öryggisverkferlum. Börn eru merkt með svokölluðu sundbandi til að þau séu auðsjáanleg. Við höldum okkur alltaf í barnalaugum sundlauganna.



Annað: Ef þið viljið kynna ykkur önnur námskeið í boði Tjarnarinnar, sem og annarra aðila sem bjóða upp á sumarnámskeið fyrir börn, þá getið þið farið inn á fristund.is.

